

11. júní 2010

## **Tillaga til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára 2010-2014**

Alþingi ályktar skv. 11. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 10/2008, að samþykkja eftirfarandi framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum fyrir tímabilið frá septembermánuði 2010 til septembermánaðar 2014.

### **Inngangur**

Hér með er fimmta framkvæmdaáætlun íslenskra ríkisstjórna til að ná fram jafnri stöðu og jöfnum réttindum kvenna og karla á Íslandi lögð fram. Fyrsta áætlunin var lögð fram í samræmi við ný jafnréttislög frá árinu 1985 en þau voru samþykkt við lok kvennaáratugar Sameinuðu þjóðanna 1976-1985 og byggðust m.a. á samþykktum kvennaráðstefna SP. Framkvæmdaáætlunum er ætlað það hlutverk að skilgreina stefnu stjórnvalda á hverjum tíma og lýsa verkefnum sem ýmist varpa ljósi á stöðu kynjanna eða fela í sér beinar aðgerðir í þágu kynjajafnréttis.

Þessi áætlun er með nýju sniði frá því sem verið hefur. Í stað þess að telja upp verkefni eftir hverju ráðuneyti er áætluninni skipt í kafla eftir áherslusviðum innan jafnréttismála. Eru kaflarnir níu og bera eftirfarandi heiti: A. Stjórnsýslan, B. Vinnumarkaður, C. Konur og nýsköpun, D. Kyn og völd, E. Kynbundið ofbeldi, F. Menntir og jafnrétti, G. Karlar og jafnrétti, H. Alþjóðastarf og I. Eftirfylgni. Gerð er grein fyrir verkefnum, sem alls eru 60, á eftir stuttum inngangi að hverjum kafla. Með þessu fyrirkomulagi er stefnt að því að áherslur og forgangsröðun stjórnvalda á sviði jafnréttismála birtist með skýrari hætti í framkvæmdaáætluninni. Einnig er lagður grunnur að því að efla eftirfylgni með áætluninni og aðgang að sérfræðiráðgjöf við framkvæmd einstakra verkefna. Þá er mikilvægt að við alla nánari útfærslu verkefna og framkvæmd þeirra sé það haft að leiðarljósi að þau nái sem best til hvers kyns minnihlutahópa, þannig að þau nýtist því fjölbreytta samfélagi sem hið íslenska er.

Í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 10. maí 2009 var mörkuð sú stefna að styrkja skyldi stöðu jafnréttismála í stjórnkerfinu með því m.a. að setja á fót ráðherra nefnd um jafnrétti kynja og marka henni hlutverk við að leiða og samhæfa jafnréttisstarf stjórnvalda. Í ráðherra nefndinni eiga forsætisráðherra, félags- og tryggingamálaráðherra og fjármálaráðherra sæti, auk þess sem dómsmála- og mannréttindaráðherra á sæti í nefndinni hvað varðar málaflokkana mansal og kynbundið ofbeldi. Ráðherra nefndin mun gegna virku hlutverki við að fylgja framkvæmdaáætluninni eftir.

Á undanförunum árum hafa verið stigin stór skref í átt til jafnrar stöðu kynjanna á Íslandi. Þar má nefna verulega fjölgun kvenna á Alþingi og jafnt hlutfall kvenna og karla í núverandi ríkisstjórn sem í fyrsta sinn er leidd af konu. Lagabreytingar hafa verið samþykktar sem ætlað er að tryggja áhrif kvenna í stjórnnum fyrirtækja og í atvinnulífi og styrkja baráttuna gegn kynbundnu ofbeldi, vændi og mansali, að ógleymdum nýjum jafnréttislögum frá árinu 2008.

Alþjóða efnahagsráðið (World Economic Forum) birtir árlega niðurstöður mælinga á muninum á stöðu karla og kvenna í flestum ríkjum heims, enda telur ráðið stöðu jafnréttismála gefa sterka vísbendingu um samkeppnishæfni þjóða. Norðurlöndin hafa jafnan raðað sér í flest efstu sætin. Í nýjustu skýrslu ráðsins fyrir árið 2009 var Ísland í efsta sæti, en hafði áður verið í því fjórða. Þar telur mest aukinn árangur hvað varðar stöðu kvenna í

stjórnmalalífi. Athygli vekur að í mælingum ráðsins á jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði sýnir Ísland slaka stöðu kvenna.

Margt er óunnið á sviði jafnréttismála og er þessari framkvæmdaáætlun ætlað að ná utan um brýnustu verkefni ríkisstjórnarinnar á sviði kynjajafnréttis. Þar er fyrst að nefna átak í að samþætta kynjasjónarmið inn í alla ákvarðanatöku og stefnumótun stjórnkerfisins í samræmi við lög nr. 10/2008. Lögð verður áhersla á kynjaða hagstjórn. Grípa þarf til raunhæfra aðgerða til að draga úr kynbundnum launamun og jafna stöðu kynjanna á vinnumarkaði með sérstaka áherslu á samræmingu atvinnu og fjölskyldulífs. Aðgerðir til að draga úr atvinnuleysi og félagslegri einangrun kvenna og karla eru nauðsynlegar, sem og stuðningur við hvers kyns sköpun og frumkvöðlastarfsemi, ekki síst til að draga úr áhrifum efnahagskreppunnar sem nú herjar. Standa þarf vörð um ávinninga varðandi aukin völd kvenna og gera enn betur á sviði sveitastjórnarmála. Í stjórnnum stofnana og fyrirtækja í eigu ríkisins verður það að ganga á undan með góðu fordæmi. Gera þarf áætlun sem nær frá leikskólum til háskóla um jafnrétti í skólustarfi, efla baráttu gegn staðalmyndum kynjanna og vinna gegn kynbundnu náms- og starfsvali sem leiðir til þess að einstaklingar fá ekki að njóta sín og samfélagið nýtir mannauðinn ekki sem skyldi. Endurskoða þarf aðgerðaáætlun gegn kynbundnu ofbeldi um leið og nýta þarf þær rannsóknir sem gerðar voru samkvæmt gildandi áætlun til forvarna og fræðslu og bæta meðferð mála í réttarkerfinu. Í undirbúningi er að lögfesta hina svokölluðu austurrísku leið en hún felur í sér að lögregla fær heimild til að fjarlægja ofbeldismann af heimili. Til að sú leið skili árangri er brýnt að efla úrræði fyrir karla sem beita konur ofbeldi. Að þessu sinni verður sjónum beint sérstaklega að hlut karla í jafnréttisbaráttunni. Í samstarfi Norðurlandanna er nú réttilega lögð sífellt meiri áhersla á að jafnrétti kynjanna snýst um bæði kyn og að kanna þurfi líðan og stöðu karla. Rótgrónar staðalmyndir um starfsval, fyrirvinnur, tómstundir, hlutverk innan fjölskyldu og vinnumenningu skerða lífsgæði margra karla. Jafnrétti kynjanna er körlum svo sannarlega í hag og það er mikilvægt að þeir taki þátt í jafnréttisumræðunni. Loks ber að nefna alþjóðlegar skyldur Íslendinga. Okkur ber að styðja jafnréttisbaráttu fátækra þjóða ekki síst þeirra sem eru á ofriðarsvæðum. Jafnréttisskólinn, sem starfræktur er í Háskóla Íslands, er dæmi um verkefni sem nýtist nemendum sem koma frá fjarlægum löndum og veitir þeim sem koma að námi og kennslu tækifæri til að auka skilning sinn og þekkingu. Íslendingar styðja jafnréttisbaráttu fátækra þjóða þó mest og best með því að vera framsækin og til fyrirmyndar í hvívetna, standa vörð um mannréttindi og stuðla að friði og framþróun í heiminum.

## **Verkefni ríkisstjórnarinnar**

### **A. Stjórnsýslan**

Samkvæmt lögum nr. 10/2008 ber stjórnvöldum að setja upp kynjagleraugin og samþætta kynjasjónarmið inn í alla stefnumörkun, áætlanagerð og ákvarðanatöku. Samþætting felur í sér að spyrja hvernig ákvarðanir og áætlanir snerta hvort kyn um sig, hverjir njóta gæða samfélagsins, hvernig og hvers vegna. Við það endurmat og uppbyggingu sem framundan er á íslensku stjórnkerfi er afar brýnt að bæði kyn komi að málum og að tækifærið verði notað til að jafna hlut kynjanna. Eftir að ný jafnréttislög voru samþykkt 2008 hefur hlutur kvenna í stjórnnum og ráðum sem skipuð eru af stjórnvöldum aukist verulega, enda kveður 15. gr. jafnréttislaga á um að jafna skuli stöðu kynjanna og að hlutur hvors kyns um sig sé ekki minni en 40% í stjórnnum, ráðum og nefndum sem hafa þrjá fulltrúa eða fleiri. Þetta gildir þó ekki um stjórnir þeirra fyrirtækja sem nú heyra undir þá banka sem eru alfarið eða að hluta til í eigu ríkisins og verður að bæta úr því. Brýnt er að öll ráðuneyti setji sér jafnréttisáætlanir, starf jafnréttisfulltrúa ráðuneytanna verði nánar skilgreint og þeim

gert kleift að sinna starfi sínu í samræmi við lög. Ráðherranefnd um jafnrétti kynjanna mun fylgja því eftir að úrbætur nái fram að ganga í stjórnkerfinu.

### **1. Ráðherranefnd um jafnrétti kynja**

Ráðherranefnd um jafnrétti kynja verði starfandi í samræmi við samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 15. september 2009 og hafi það hlutverk að samþætta kynja- og jafnréttismál inn í stefnumörkun og aðgerðir ríkisstjórnarinnar, samhæfa starf hennar og fylgja eftir framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum.

Tímaáætlun: Viðvarandi

Kostnaðaráætlun: Rúmast innan fjárheimilda

Ábyrgð: Forsætisráðherra, félags- og tryggingamálaráðherra, fjármálaráðherra og dómsmála- og mannréttindaráðherra

### **2. Framkvæmdasjóður jafnréttismála**

Ráðherranefnd um jafnrétti kynja mun leggja til við ríkisstjórnina að varið verði 30 mkr. samtals á fjárlögum tímabundið til þriggja ára, 2011-2013, eða 10 mkr. árlega til jafnréttisverkefna á vegum ráðuneyta, sem ætluð eru til að nýta niðurstöður, reynslu og þekkingu, eða innleiða tillögur sem telja má til afraksturs af verkefnum í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar. Ráðherranefnd um jafnrétti kynja mun fara með úthlutun af þessari fjárveitingu. Viðmið um þær verði kynntar ráðuneytum fyrir árslok 2010.

Tímaáætlun: 2010-2013

Kostnaðaráætlun: 30 mkr.

Ábyrgð: Félags- og tryggingamálaráðuneytið

### **3. Stefnumót um jafnrétti kynja**

Haldinn verði sérstakur fundur ráðherra, æðstu embættismanna og sérfræðinga á sviði jafnréttismála um stefnu, áherslur, aðferðir í jafnréttisbaráttu og þekkingarfræðilegan grunn jafnréttismálanna. Fundurinn nýtist til að styrkja forystuhlutverk ráðherra við framkvæmd verkefna í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar.

Tímaáætlun: 2010

Kostnaðaráætlun: Rúmast innan fjárheimilda

Ábyrgð: Forsætisráðherra

### **4. Samþætting kynja- og jafnréttissjónarmiða**

Mótuð verði heildstæð áætlun til fjögurra ára um samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða inn í stefnumótun og ákvarðanatöku ráðuneyta og opinberra stofnana. Í því felist m.a.

- Stofnun stýrihóps með þátttöku æðstu stjórnenda í ráðuneytum
- Fræðsla fyrir starfsfólk ráðuneyta og stofnana um samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða
- Ríkisstofnanir eða málaflakkar verði valdir í undanfaraverkefni
- Mælitölur eða lykiltölur á öllum helstu sviðum í starfsemi ráðuneyta og stofnana verði greindar til að jafnan séu fyrir hendi upplýsingar greindar eftir kynjum til stuðnings stefnumörkun og ákvörðunum. Greint verði á

hvaða sviðum reglulegri upplýsingaöflun er ábótavant og úrbætur gerðar.

Tímaáætlun: 2010-2014

Kostnaðaráætlun: 2,5 milljónir kr.

Ábyrgð: Forsætisráðuneyti, félags- og tryggingamálaráðuneyti

## 5. Kynjabreytur í gagnasöfnum landlæknis

Landlæknisembættið bæti enn frekar greiningu á notkun þjónustu eftir aldri og kyni. Slíkar upplýsingar eru birtar reglulega og geta gefið vísbendingar um hvar úrbóta er þörf í heilbrigðisþjónustunni.

Tímaáætlun: 2010-2014

Kostnaðaráætlun: Rúmast innan fjárheimilda

Ábyrgð: Heilbrigðisráðuneytið

## 6. Kynjuð fjárlagagerð

Kynjuð fjárlagagerð verði innleidd í áföngum á næstu fjórum árum. Í því skyni verði efnt til undanfaraverkefna í ráðuneytum og stofnunum sem hafi að markmiði að þróa verkferla og aðferðir við undirbúning kynjaðra fjárlaga. Útgáfu handbókar um kynjaða fjárlagagerð verði fylgt eftir með markvissri fræðslu. Verkefninu verði stýrt af verkefnisstjórn um kynjaða fjárlagagerð.

Tímaáætlun: 2010 - 2014

Kostnaðaráætlun: 5,2 milljónir kr.

Ábyrgð: Fjármálaráðuneyti

## 7. Jafnréttismat á frumvörpum

Við undirbúning stjórnarfrumvarpa sem varða jafnrétti og jafna stöðu kynjanna verði unnið mat á áhrifum þess á jafnrétti kynjanna sem fylgi þeim við framlagningu á Alþingi. Endurskoðun stendur yfir á reglum um undirbúning og meðferð stjórnarfrumvarpa og á gátlista sem fylgir stjórnarfrumvörpum og mun þar nánar verða gerð grein fyrir þessu mati. Má gera ráð fyrir að slíkt mat verði innleitt í áföngum þannig að fyrst um sinn, meðan aðferðafræði er að þróast, verði það einkum unnið í tilfellum þar sem jafnréttisáhrif eru veruleg og augljós. Endurskoðuðum reglum og gátlista verður fylgt eftir með kynningu og fræðslu.

Tímaáætlun: Viðvarandi

Kostnaðaráætlun: Rúmast innan fjárheimilda

Ábyrgð: Forsætisráðuneyti, öll ráðuneyti

## 8. Siðareglur

Fyrirhuguðum siðareglum fyrir ráðherra og ríkisstarfsmenn, þar sem gert er ráð fyrir ákvæðum um bann við kaupum á kynlífsþjónustu, verði fylgt eftir með kynningu og fræðslu fyrir starfsfólk ráðuneyta og stofnana.

Tímaáætlun: Viðvarandi

Kostnaðaráætlun: Rúmast innan fjárheimilda

Ábyrgð: Forsætisráðuneyti, fjármálaráðuneyti, öll ráðuneyti

## **9. Hlutur kynjanna í nefndum, ráðum og stjórnnum á vegum stjórnvalda**

Verklag ráðuneyta við skipanir í nefndir, ráð og stjórnir á vegum stjórnvalda verði samhæft og eftt þannig að markmiðum 15. gr. jafnréttis laga verði náð. Upplýsingar um hlut kynja í nefndum, ráðum og stjórnnum skulu birtar árlega á vef Jafnréttisstofu sundurgreindar eftir ráðuneytum.

Tímaáætlun: Viðvarandi

Kostnaðaráætlun: Rúmast innan fjárheimilda

Ábyrgð: Öll ráðuneyti

## **10. Jafnréttisvakt**

Kynja- og jafnréttissjónarmið verði samþætt starfi Velferðarvaktarinnar þannig að vöktun á stöðu og þróun á lykiltölum í samfélags- og efnahagsmálum endurspegli stöðu kynjanna og þróun jafnréttis karla og kvenna. Þessar upplýsingar verði birtar reglulega.

Tímaáætlun: Viðvarandi

Kostnaðaráætlun: Rúmast innan fjárheimilda

Ábyrgð: Félagss- og tryggingamálaráðuneyti

## **11. Jafnréttisáætlanir Stjórnarráðsins, ráðuneyta og stofnana**

Samþykkt verði ný jafnréttisáætlun fyrir Stjórnarráðið og jafnréttisáætlanir einstakra ráðuneyta endurskoðaðar með hliðsjón af henni. Átak verði gert í því að tryggja að allar stofnanir ríkisins starfi eftir jafnréttisáætlunum með sundurliðuðum markmiðum og aðgerðum í samræmi við 2. mgr. 18. gr. jafnréttis laga.

Tímaáætlun: 2010

Kostnaðaráætlun: Rúmast innan fjárheimilda

Ábyrgð: Forsætisráðuneyti, öll ráðuneyti

## **12. Jafnréttisfulltrúar ráðuneyta**

Starfsreglur jafnréttisfulltrúa ráðuneyta verði endurskoðaðar og hlutverk þeirra eftt, meðal annars með því að þeir starfi eftir samþykktri starfs- og fræðsluáætlun. Við framkvæmd fræðsluáætlunar verði höfð samvinna við Jafnréttisstofu og námsbraut í kynjafræðum við Háskóla Íslands. Sérfræðingur Stjórnarráðsins í jafnrétti kynja gegni ráðgjafarhlutverki við jafnréttisfulltrúa ráðuneytanna.

Tímaáætlun: 2010, viðvarandi

Kostnaðaráætlun: 700.000 kr.

Ábyrgð: Forsætisráðuneyti, öll ráðuneyti

## **13. Jafnréttisþing**

Jafnréttisþing verði haldið á tveggja ára fresti, sbr. 10. gr. jafnréttis laga, næst haustið 2010. Ráðuneyti kynni þinginu nánar útfærðar áætlanir um framkvæmd verkefna samkvæmt framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum.

Tímaáætlun: 2010

Kostnaðaráætlun: 3,5 milljónir kr.

#### 14. Jafnréttissjóður

Rannsóknir og verkefni sem unnin hafa verið með styrk úr Jafnréttissjóði verði gerð aðgengileg á vefsvæði Stjórnarráðsins í þeim tilgangi að þau nýtist sem best til aðgerða í þágu jafnréttis kynjanna. Úthlutanir úr Jafnréttissjóði hefjist að nýju á árinu 2012.

Tímaáætlun: 2010 -2014

Kostnaðaráætlun: 10 milljónir kr. á ári

Ábyrgð: Forsætisráðuneyti

## B. Vinnumarkaður

Eins og skýrsla Alþjóða efnahagsráðsins yfir stöðu jafnréttis á Íslandi árið 2009 bendir til hallar enn verulega á konur á íslenskum vinnumarkaði, bæði hvað varðar launamun kynja og hlut þeirra í stjórnunar- og áhrifastöðum í atvinnulífnum. Kynbundinn launamunur mælist enn verulegur, eða 16,3% samkvæmt könnun Félagsvísindastofnunnar frá 2008. Launamunur kynjanna á landsbyggðinni veur sérstaka athygli en hann mældist 38% í sömu könnun. Hagstofan birt fyrir á þessu ári niðurstöður könnunar á launamun kynjanna á tímabilinu 2000-2007, sem unnin var í samvinnu við Alþýðusamband Íslans og Samtök atvinnulífsins. Hún sýndi 7,3% óútskýrðan launamun fyrir sömu ár, en þá hefur verið tekið tillit til ákveðinna þátta sem notaðir eru til skýringa á launamun kynjanna. Niðurstöður byggjast á tæplega 185 þúsund athugunum á launum einstaklinga sem störfuðu á almennum vinnumarkaði, einkum þó á höfuðborgarsvæðinu.

Svo virðist sem ákvæði jafnréttislaga um launajafnrétti karla og kvenna veiti konum ekki nægilega réttarvernd gegn kynbundnu launamisrétti og kallar það á sérstaka athugun og aðgerðir. Unnið er að gerð jafnlaunastaðals fyrir vinnumarkaðinn í heild í samvinnu við aðila vinnumarkaðar í samræmi við bráðabirgðaákvæði jafnréttislaga frá 2008. Ríkið þarf einnig að taka til í sínum húsum, draga markvisst úr launamun og efna til aðgerða til að endurmeta umönnunarstörf sem einkum er sinnt af konum. Á hinum Norðurlöndunum er sjónum ekki síst beint að mikilvægi kennslu og umönnunarstarfa, því ef sá hluti velferðarkerfisins virkar ekki fullkomlega truflast gangverk samfélagsins. Það er því brýnt að endurmeta umönnunarstörf til að tryggja samfellu í þjónustunni og auka gæði hennar. Á sviði vinnumála er mikið verk að vinna við að kveða niður hefðbundnar og heftandi staðalmyndir sem takmarka starfsval kynjanna og viðhalda ójafnri stöðu þeirra á vinnumarkaði. Ein alvarlegasta afleiðing núverandi efnahagskreppu er atvinnuleysið sem í apríl 2010 var 9% á landinu öllu. Atvinnuleysi meðal karla mældist þá 9,8% en meðal kvenna 8,1%. Athygli veur að meðan lítilega dró úr atvinnuleysi meðal karla miðað við sama tíma árið áður heldur atvinnuleysi kvenna áfram að aukast. Brýnt er að áætlanir um atvinnuskapandi aðgerðir og starfshæfing atvinnulausra taki mið af báðum kynjum. Þá þarf að bregðast við vaxandi menntunarskortum ungra karla sem takmarkað getur atvinnumöguleika þeirra til framtíðar. Gera þarf úttekt á möguleikum fólks til að samræma atvinnu og fjölskyldulíf, ekki aðeins þeirra sem eru með ung börn, heldur einnig þeirra sem þurfa að annast sjúka og aldraða nákomna ættingja. Vinnutími er enn mjög langur hér á

landi miðað við hin Norðurlöndin sem bitnar á fjölskyldulífi, ekki síst samveru við börn.

### **15. Framkvæmdaáætlun gegn kynbundnum launamun**

Gerð verði heildstæð framkvæmdaáætlun til fjögurra ára um aðgerðir gegn kynbundnum launamun sem m.a. feli í sér eftirfarandi:

- Skipuð verði framkvæmdanefnd um launajafnrétti sem hafi með höndum yfirumsjón og samhæfingu aðgerða
- Lokið verði við gerð jafnréttisstaðla á tímabilinu og þeim fylgt eftir með markvissri fræðslu um innleiðingu þeirra
- Launaumsjónarkerfi ríkisins verði endurbætt tæknilega þannig að unnt sé að gera marktækar og reglulegar úttektir á launum karla og kvenna í ráðuneytum og stofnunum ríkisins
- Fram fari athugun á árangri starfsmats sveitarfélaga við að draga úr launamun kynja og endurmeta hefðbundin kvennastörf og metinn ávinningur ríkisins af því að innleiða starfsmat
- Efnt verði til samstarfs við aðila vinnumarkaðar um innleiðingu Vegvísis um launajafnrétti
- Gefinn verði út bæklingur til leiðbeiningar um túlkun ákvæðis jafnréttislaga um jöfn laun fyrir jafnverðmæt störf, m.a. með hliðsjón af Evrópurétti
- Gefinn verði út gátlisti fyrir forstöðumenn stofnana um viðmið varðandi endurskoðun á launum þannig að markmiðum um launajafnrétti verði náð

Tímaáætlun: 2014

Kostnaðaráætlun: 6,4 milljónir kr. (þar af 3,4 milljónir kr. vegna jafnlaunastaðals)

Ábyrgð: Félags- og tryggingamálaráðuneyti, fjármálaráðuneyti

### **16. Kynbundinn launamunur og landsbyggðin**

Byggðastofnun, sem heyrir undir iðnaðarráðuneyti, greini orsakir launamunar kynjanna eftir landssvæðum með það að markmiði að móta tillögu að aðgerðaáætlun til að útrýma launamun kynjanna. Verkefnið er m.a. afrakstur vinnu að samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða við endurskoðun byggðaáætlunar fyrir árin 2010-2013. Í byggðaáætluninni er kveðið á um að jafnrétti og þátttaka beggja kynja í atvinnulífi og samfélagsmótun sé sérstakt viðfangsefni sem líta þurfi til. Stefnt er að árangursmati á verkefninu á miðju tímabili áætlunarinnar. Verkefnið er unnið af Byggðastofnun í samstarfi við Jafnréttisstofu, Hagstofu, háskóla og rannsóknarstofnanir.

Tímaáætlun: 2010-2011

Kostnaðaráætlun: 2 milljónir kr.

Ábyrgð: Félags- og tryggingamálaráðuneyti, iðnaðarráðuneyti

### **17. Úttekt á launamun kynja í sjávarútvegi og landbúnaði og aðstöðu til náms í greinunum**

Gerð verði úttekt á annars vegar launum karla og kvenna í landbúnaði og sjávarútvegi og hins vegar stöðu karla og kvenna til náms í greinunum sem og námsframboði á framhaldsskóla- og háskólastigi.

Tímaáætlun: Lokið 2014

Kostnaðaráætlun: 5 milljónir kr.

Ábyrgð: Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti

### **18. Könnun á stöðu kvenna innan sjávarútvegsins**

- a. Gerð verði úttekt á störfum kvenna í stærstu sjávarútvegsfyrirtækjum á Íslandi til samanburðar við fyrri könnun sem gerð var á árinu 2007.

Skipuð var nefnd 4. mars 2005 til að kanna við hvaða störf konur eru í stærstu sjávarútvegsfyrirtækjum á Íslandi og var tilgangur hennar að fá konur til frekari þátttöku í forystu og stjórnun fyrirtækjanna. Gerð var rannsókn á stöðu kvenna innan sjávarútvegsfyrirtækja og kom út skýrsla 2007. Til samanburðar verði gerð úttekt á störfum kvenna í stærstu sjávarútvegsfyrirtækjunum eftir gildistöku laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla og átak um að fjölga konum í stjórnun fyrirtækja fyrir lok ársins 2013.

- b. Gerð verði úttekt á störfum kvenna í minni sjávarútvegsfyrirtækjum (fjölskyldufyrirtækjum) á Íslandi.

Úttektin hafi að markmiði að kanna við hvers konar störf eru í minni sjávarútvegsfyrirtækjum og fjölskyldufyrirtækjum í sjávarútvegi á Íslandi og hvort munur sé á eðli starfa þeirra þar og í hinum stærri fyrirtækjum. Niðurstöður verði nýttar til að laða konur til frekari þátttöku.

Niðurstöður beggja úttektanna verði nýttar til að bera saman starfsskilyrði kvenna í minni og stærri sjávarútvegsfyrirtækjum.

Tímaáætlun: 2011-2012

Kostnaðaráætlun: 1 milljón kr.

Ábyrgð: Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti

### **19. Aðstæður kvenna af erlendum uppruna**

Gerð verði úttekt á högum og aðstæðum kvenna af erlendum uppruna. Úttektin að félagslegum aðstæðum þeirra þ.m. t. fjölskylduaðstæðum, fjárhagslegri stöðu, þátttöku og stöðu á vinnumarkaði, launakjörum, menntun þeirra og möguleikum til menntunar.

Tímaáætlun: 2011

Kostnaðaráætlun: 700.000 kr

Ábyrgð: Félags- og tryggingamálaráðuneytið



## **20. Fæðingarorlof feðra**

Gerð verði könnun á undirbúningi og þátttöku feðra í fæðingarorlofi og áhrifum þess á verkaskiptingu ungra foreldra á heimilum og atvinnuþátttöku kvenna. Sérstaklega verði könnuð áhrif niðurskurðar á greiðslum úr fæðingarorlofssjóði á töku feðra á fæðingarorlofi. Verkefnið verði unnið í samvinnu við Jafnréttisstofu.

Tímaáætlun: 2010 – 2012

Kostnaðaráætlun: 900.000 kr.

Ábyrgð: Félags- og tryggingamálaráðuneyti

## **21. Samræmd umönnunarstefna fyrir ung börn**

Sett verði á fót samstarfsnefnd ríkis- og sveitarfélaga sem hafi það hlutverk að koma með tillögur að leið til að brúa bilið milli fæðingarorlofs og dagvistunarúrræða.

Tímaáætlun: 2010 – 2011

Kostnaðaráætlun: Rúmast innan fjárheimilda

Ábyrgð: Félags- og tryggingamálaráðuneyti

## **22. Nefnd um samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs**

Nefndin er skipuð í samræmi við áherslur Jafnréttisráðs árið 2010 og hefur það hlutverk að vera umræðu- og hugmyndahópur um samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs. Nefndin skal leita hugmynda, afla upplýsinga og setja fram ábendingar. Formaður Jafnréttisráðs mun vinna með nefndinni.

Tímaáætlun: lokið í janúar 2011

Kostnaður: Rúmast innan fjárheimilda

Ábyrgð: Félags- og tryggingamálaráðuneyti

## **23. Vinnumiðlun og starfsefling atvinnulausra**

Við vinnumiðlum, sem og við aðgerðir til starfseflingar atvinnulausum, verði unnið gegn staðalímyndum um starfsval karla og kvenna og þess gætt að öll störf standi jafnt konum sem körlum til boða. Í því skyni verði efnt til námskeiða fyrir starfsfólk í vinnumiðlun og þeirra sem sinna starfseflingu fyrir atvinnulausa og aðra í því að gæta jafnréttis- og kynjasjónarmiða. Einkum verði hugað að leiðum til að bæta valmöguleika karla til að auka starfstengda menntun.

Tímaáætlun: 2010-2011

Kostnaðaráætlun: 500.000 kr.

Ábyrgð: Félags- og tryggingamálaráðuneyti

## **24. Kynja- og jafnréttissjónarmið verði samþætt aðgerðum til atvinnusköpunar**

Gætt verði jafnræðis kynjanna við mótun vinnumarkaðsúræða og sértækar aðgerðir stjórnvalda til atvinnusköpunar. Þeim fylgi mat á áhrifum þeirra á atvinnu og tekjur karla og kvenna og þar með á stöðu kynjanna á vinnumarkaði.

Tímaáætlun: Viðvarandi  
Kostnaðaráætlun: Rúmast innan fjárheimilda  
Ábyrgð: Félags- og tryggingamálaráðuneyti

## 25. Jafnréttisvöktun Landspítala

Tölulegar upplýsingar sem varpa ljósi á stöðu í jafnréttismálum á Landspítala verði aðgengilegar á vef spítalans svo hægt sé að fylgjast með árangri og greina hvar skórin kreppir hverju sinni. Til þess að gera jafnréttisvöktun að veruleika verði unnin grunngreining á núverandi umhverfi spítalans, árangursvísar/mælikvarðar sem mæla stöðu kvenna og karla skilgreindir og tryggt að tölurnar séu áreiðanlegar og unnar á rauntíma. Í kjölfar verkefnisins er gert ráð fyrir gerð nýrrar jafnréttisáætlunar fyrir Landspítala. Jafnréttisnefnd Landspítala mun hafa þetta verkefni með höndum.

Tímaáætlun: 2010-2014  
Kostnaðaráætlun: Rúmast innan fjárheimilda  
Ábyrgð: Heilbrigðisráðuneyti, Landspítali

## 26. Úttekt á túlkun jafnréttislaga í álitum kærunefndar jafnréttismála

Gerð verði lögfræðileg úttekt á málum sem kærð hafa verið til kærunefndar jafnréttismála og hvernig túlkun jafnréttislaga hefur þróast í meðförum kærunefndarinnar.

Tímaáætlun: 2011  
Kostnaðaráætlun: 500.000 kr.  
Ábyrgð: Félags- og tryggingamálaráðuneytið

## C. Konur og nýsköpun

Nú sem aldrei fyrr er brýnt að virkja ríkan mannauð og sköpunargáfu íslenskra kvenna til atvinnusköpunar á forsendum þeirra sjálfra. Skammtímahugsun með áherslu á stærð og skjótfenginn gróða hefur einkennt íslenskt atvinnulíf undanfarin ár. Skort hefur á arðbær fyrirtæki sem sýna umhverfismeðvitund og samfélagslega ábyrgð. Afleiðingarnar eru þekktar. Skoðanakannanir hafa sýnt fram á að konur í stjórnum fyrirtækja eru sér meðvitaðri um hin samfélagslegu gildi sem aftur leiðir til betri viðskiptahátta, arðbærari reksturs og betra samfélags. Konur í löndunum í kringum okkur stofna nú fleiri fyrirtæki en karlar og sýnt hefur verið fram á að fyrirtæki sem njóta áhrifa kvenna lifa lengur, ná hærri arðsemi og standa betur í skilum. Að efla áhrif kvenna í atvinnulífinu er því góð hagfræði og því mikilvægt að hvetja konur til atvinnusköpunar. Í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er kveðið á um að áhrif kvenna í endurreisninni verði tryggð og að hlutfall kynjanna verði jafnað á öllum sviðum samfélagsins. Í því felst m.a. að konur hafi aðgang að fræðslu og fjármagni til stofnunar fyrirtækja.

## 27. Konur í fyrirtækjarekstri

Nýsköpunarmiðstöð Íslands, sem heyrir undir iðnaðarráðuneyti, stendur fyrir námskeiðinu Brautargengi sem ætlað er konum sem vinna að stofnun fyrirtækis eða eru með fyrirtæki í rekstri. Framhaldsnámskeið, Brautargengi II, eru ætluð konum sem sækjast eftir frekari þekkingu á sviði markaðsmála,

fjármála og stjórnunar. Þá hefur Nýsköpunarmiðstöð staðið fyrir námskeiðum fyrir konur sem hyggja á útflutning, „Konur í útrásarhug“. Yfir 700 konur hafa lokið Brautargengisnámskeiðum og samkvæmt árangurskönnun eru um 55% Brautargengiskvenna með fyrirtæki í rekstri. Áhersla verði lögð á að bæta aðgengi kvenna um allt land að þessum námskeiðum.

Tímaáætlun: Viðvarandi þáttur í starfsemi Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands  
Kostnaðaráætlun: 17,5 milljónir kr.  
Ábyrgð: Iðnaðarráðuneyti

## **28. Aðgengi kvenna að fjármagni til stofnunar fyrirtækja**

Sjóðir sem undir stofnanir iðnaðarráðuneytis heyrja, Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, Byggðastofnun, Orkusjóður og Tæknipróunarsjóður, haldi kerfisbundið til haga upplýsingum um kynjaskiptingu styrkþega fyrir árið 2010 þannig að unnt verði á árinu 2011 að leggja mat á hvernig starfsemi sjóðanna nýtist hvoru kyni fyrir sig og hvort ástæða sé til að endurskoða úthlutunarreglur komi í ljós að halli á annað kynið meðal styrkþega.

Tímaáætlun: 2010-2011  
Kostnaðaráætlun: Rúmast innan fjárheimilda sjóðanna  
Ábyrgð: Iðnaðarráðuneyti

## **29. Stuðningur við atvinnurekstur kvenna**

Byggðastofnun ásamt samstarfsaðilum styðji undirbúning og framkvæmd markaðsaðgerða erlendis á handverki og hönnunarvörum. Stuðningnum er ætlað að skapa aukin verðmæti og ný markaðstækifæri fyrir konur í atvinnurekstri á landsbyggðinni. Verkefnið er ein af aðgerðum byggðaáætlunar 2006-2009 um stuðning við atvinnurekstur kvenna og er unnið í samvinnu við Hönnunarmiðstöð Íslands, Handverk og Hönnun, Ímark, Nýsköpunarmiðstöð Íslands og Útflutningsráð. Stefnt er að árangursmati á verkefninu í árslok 2011.

Tímaáætlun: 2010-2011.  
Kostnaðaráætlun: 10 milljónir kr.  
Ábyrgð: Iðnaðarráðuneyti, Byggðastofnun.

## **30. Lánatryggingasjóður kvenna**

Endurvakin verði starfsemi Lánatryggingasjóðs kvenna sem starfaði á árunum 1998–2003 á vegum félagsmálaráðuneytis, iðnaðarráðuneytis og Reykjavíkurborgar. Markmið sjóðsins verði að styðja við nýsköpun í atvinnurekstri kvenna með því að veita ábyrgðir á lánnum. Verkefnið verður unnið í samstarfi við fjármálastofnanir og aðila sem veita ráðgjöf og handleiðslu við framkvæmd verkefna, en fé til starfseminnar er fyrir hendi í sjóði.

Tímaáætlun: 2010 – 2014  
Kostnaðaráætlun : 60 milljónir kr.  
Ábyrgð: Félags- og tryggingamálaráðuneyti, iðnaðarráðuneyti

## **D. Kyn og völd**

Eins og fram kom í inngangi hefur hlutur kvenna á Alþingi vaxið verulega (hann er nú 43%) sem og innan ríkisstjórnarinnar. Hlutur kvenna í sveitarstjórnnum á Íslandi hefur aukist hægt og bitandi síðastliðna hálfu öld. Í sveitarstjórnarkosningum 29. maí 2010, hlutu 512 einstaklingar kosningu, 308 karlar og 204 konur. Konur eru í dag 40% allra fulltrúa í íslenskum sveitarstjórnnum og eru þær í meirihluta í 16 sveitarstjórnnum. Eftir kosningar árið 2006 voru konur 36% kjörinna fulltrúa og í meirihluta í 11 sveitarstjórnnum. Mjög mikil endurnýjun hefur einkennt sveitastjórnarstigið sem kallar á úttekt á aðstöðu sveitarstjórnarmanna og starfskjörum þeirra. Sveitarstjórnarstigið verður æ mikilvægara enda annast það flest það sem tengist daglegu lífi fólks. Það er mikilvægt að halda í þekkingu, reynslu og samfellu í starfi sveitarstjórnanna þótt endurnýjun verði að sjálfsögðu að eiga sér stað. Ísland stendur sig mjög illa þegar kemur að jafnrétti kynjanna í stjórnnum fyrirtækja. Nýleg úttekt leiddi í ljós að fyrirtækjum á almennum vinnumarkaði með bæði konur og karla í stjórn fækkaði um 16 frá maí 2009 til maí 2010. Hlutfall fyrirtækja með bæði kyn í stjórn lækkaði því úr 15% í 14% milli ára. Samkvæmt upplýsingum Hagstofunnar voru konur 23% stjórnarmanna og stjórnarformanna í fyrirtækjum árið 2009 og 19% framkvæmdastjóra og höfðu ekkert breyst frá því árið áður. Hlutfall stjórnarformanna mjakaðist upp um 1% milli ára, úr 22% í 23%. Þetta er staðan þrátt fyrir samning milli samtaka á vinnumarkaði um að vinna að fjölgun kvenna í stjórnnum fyrirtækja. Atbeina löggjafarvaldsins hefur því þurft til svo ná megi markmiðum um að jafna hlut kynjanna á þessu sviði. Með nýlegum breytingum á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög er stefnt að því að hlutur kvenna í stjórnnum fyrirtækja verði ekki minni en 40% í lok árs 2013. Ef árangur á að nást verður að auka fræðslu og stuðning við fyrirtækin og efla gagnagrunn um konur sem gefa kost á sér til stjórnunarstarfa.

### **31. Starfsumhverfi og starfskjör í sveitarstjórnnum**

Starfshópur verði skipaður til að kanna starfsumhverfi og starfskjör kjörinna fulltrúa í sveitarstjórnnum með tilliti til kynjasjónarmiða og áhrifa þeirra á þátttöku kvenna í sveitarstjórnarstarfi. Í starfi hópsins verður m.a. unnið í samræmi við tillögur starfshóps um aðgerðir til að jafna betur stöðu kynja í sveitarstjórnnum en hópurinn skilaði af sér greinargerð í október 2009. Verkefnið verður unnið í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga.

Tímaáætlun 2010-1011

Kostnaðaráætlun: 300.000 kr.

Ábyrgð: Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti

### **32. Gagnagrunnur um jafnrétti kynjanna í sveitarstjórnnum**

Gagnagrunnur Jafnréttisstofu sem hún vann innan vébanda Evrópuverkefnisins Jafnréttisvogin (Tea for two) verði uppfærður og honum viðhaldið þannig að hann gefi á hverjum tíma upplýsingar um skilgreinda þætti er varða jafnrétti kynjanna innan sveitarstjórna, svo sem kynjahlutfall innan sveitarstjórna, í nefndum og ráðum, skiptingu íbúa, þjónustuþætti o.fl.

Tímaáætlun: 2010-2014

Kostnaður: 700.000 kr.

Ábyrgð: Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti

### **33. Hlutur kvenna í stjórnnum fyrirtækja og stofnana**

Til að fylgja eftir og styðja við ákvæði laga nr. 13/2010 um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög (eignarhald, kynjahlutföll og starfandi stjórnarformenn) verði efnt til fræðslu um ábyrgð og skyldur stjórnenda og stjórnarmanna í fyrirtækjum. Markmiðið verði að auka hæfni þessara aðila til að gegna stöðum sínum með áherslu á að ná til kvenna. Komið verði á fót gagnagrunni með upplýsingum um þá sem hlotið hafa slíka fræðslu til að gera stjórnendum og stjórnarmönnum kleift að mynda með sér tengsl og auðvelda fyrirtækjum að finna hæfa stjórnendur og stjórnarmenn.

Tímaáætlun: 2010-2014

Kostnaðaráætlun: Rúmast innan fjárheimilda

Ábyrgð: Efnahags- og viðskiptaráðuneyti

## **E. Kynbundið ofbeldi**

Ný rannsókn á ofbeldi í nánum samböndum leiðir í ljós að tíðni ofbeldis mælist mjög svipuð hér á landi og í öðrum löndum. Um það bil fjórða hver kona verður á ævi sinni fyrir kynbundnu ofbeldi af hálfu kærasta, sambýlismanns/maka eða fyrrverandi sambýlismanns/maka. Kynbundið ofbeldi vegur að grundvallarmannréttindum og mannhelgi og meðan það er við lýði verður jafnrétti kynjanna ekki náð. Um þessar mundir fer fram á vegum Evrópuráðsins vinna að samningi gegn kynbundnu ofbeldi og heimilisofbeldi og mun Ísland taka þátt í þeirri vinnu. Sú íslenska aðgerðaáætlun sem nú er í gildi rennur út í lok árs 2011. Brýnt er að móta þegar nýja aðgerðaáætlun enda hefur reynslan og aukin þekking beint sjónum að því hvar aðgerða er þörf. Í nýrri áætlun verði sjónum ekki síst beint að réttarkerfinu, ofbeldismönnum og aðstoð við þá. Kannað verði hvort rétt sé að tengja saman aðgerðir gegn ofbeldi í nánum samböndum, kynferðisofbeldi, þar á meðal gegn börnum, og aðgerðir gegn mansali og vændi. Þá er brýnt að efla meðferðarúrræði bæði fyrir unga ofbeldismenn og karla almennt sem beita konur og börn ofbeldi.

### **34. Evrópuráðssamningur gegn kynbundnu ofbeldi og heimilisofbeldi**

Stjórnvöld taki fullan þátt í samningu nýs Evrópuráðssamnings gegn kynbundnu ofbeldi og heimilisofbeldi og fullgildi hann innan tveggja ára frá undirritun.

Tímaáætlun: 2010 – 2013

Kostnaðaráætlun: Rúmast innan fjárheimilda

Ábyrgð: Félags- og tryggingamálaráðuneyti, dómsmála- og mannréttindaráðuneyti

### **35. Ný aðgerðaáætlun gegn kynbundnu ofbeldi**

Unnið verður að gerð nýrrar aðgerðaáætlunar stjórnvalda gegn kynbundnu ofbeldi fyrir tímabilið 2011–2015. Gildandi aðgerðaáætlun var samþykkt árið 2006 og hefur meginþungi hennar falist í viðamiklum rannsóknum á eðli og umfangi ofbeldis karla gegn konum í nánum samböndum. Í nýrri aðgerðaáætlun verði tekið mið af þessum rannsóknum auk rannsóknar lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu sem nú er að ljúka. Þá verður sérstök áhersla lögð á að skoða samhengi kynbundinna ofbeldisbrota, saksóknar vegna þeirra og meðferðar í dómskerfinu. Auk þessa þarf að móta afstöðu til

meðferðar nýs sáttmála Evrópuráðsins í málaflokknum og endurskilgreina verkefni með hliðsjón af honum. Skipuð hefur verið nefnd til að vinna að framangreindri áætlun um aðgerðir gegn kynbundnu ofbeldi.

Tímaáætlun: 2010 -2011

Kostnaðaráætlun: 600.000 kr.

Ábyrgð: Félags- og tryggingamálaráðuneyti, heilbrigðisráðuneyti, dómsmála- og mannréttindaráðuneyti

### **36. Námsefni um ofbeldi í samböndum ungs fólks**

Lýðheilsustöð þrói og prófi námsefni til að koma í veg fyrir ofbeldi í samböndum ungs fólks. Efnið verður metið og áætlað að sumarið 2011 verði tilbúin skýrsla um árangur og tillögur að innleiðingu í ljósi niðurstaðna.

Tímaáætlun: 2010-2011

Kostnaðaráætlun: Rúmast innan fjárheimilda

Ábyrgð: Heilbrigðisráðuneyti

### **37. Úrræði vegna heimilisofbeldis**

Lagt verði fram frumvarp til laga um breytingu á lögum um nálgunarbann til þess að leiða í lög heimild fyrir þar til bæra aðila innan réttarvörslukerfisins til að fyrirskipa að einstaklingur, sem beitir heimilismenn sína ofbeldi, yfirgefi heimilið. Svonefnd austurrísk leið liggur til grundvallar þeirri vinnu.

Tímaáætlun: 2011

Kostnaðaráætlun: Rúmast innan fjárheimilda

Ábyrgð: Dómsmála- og mannréttindaráðuneyti

### **38. Karlar til ábyrgðar**

Meðferðarúrræðið Karlar til ábyrgðar verði eflt og boðið upp á þjónustu víðar um land. Bregðast verður við væntanlegri heimild til að fjarlægja ofbeldismann af heimili með því að bjóða upp á meðferð til að losna úr vítahring ofbeldis. Kannað verði hvort rétt sé að heimila að menn verði dæmdir til meðferðar.

Tímaáætlun: 2010-2014

Kostnaðaráætlun: 12,7 milljónir kr.

Ábyrgð: Félags- og tryggingamálaráðuneyti

## **F. Menntir og jafnrétti**

Hugmyndir um jafnrétti kynja mótast á unga aldri og eru áhrifavaldar margir. Skólinn er stofnun sem getur veitt börnum og unglingum aðstoð við greiningu á valdakerfum og viðteknum hugmyndum samfélagsins. Með áherslu á samfélag jöfnuðar, jafnréttis og réttlætis í menntamálum er stefnt að því að inntak kennslu, kennsluhættir og násumhverfi stuðli að markmiðum jafnréttismenntunar. Jafnréttisráðgjafi í mennta- og menningarmálaráðuneyti veitir upplýsingar, aðstoð og eftirfylgni. Áhersla verður lögð á verkefni sem veita öllum jöfn tækifæri til að þroskast á eigin forsendum og rækta hæfileika sína í námi, listsköpun, íþróttum og öðrum áhugamálum. Jafnframt er stefnt að því að skapa rannsóknsumhverfi sem fellur jafnt að kvenlægu og karllægu gildismati. Íslendingar sækja íþróttá- og aðra menningarviðburði vel og nota gjarnan

frítíma sinn til listrænnar sköpunar og vinnu við menningarstarfsemi. Munur er hins vegar á menningarneyslu kynja og verður leitast við að stuðla að jöfnum tækifærum fyrir konur og karla.

### **39. Jafnrétti í námskrám**

Umfjöllun um jafnrétti kynja verði fléttað inn í aðalnámskrár og fagnámskrár leik-, grunn- og framhaldsskóla. Sérstaklega verði hugað að jafnréttisfræðslu fyrir alla nemendur samkvæmt lögum. Aðgerðir felast í námskrágerð árið 2010 þar sem sérstök fagnámskrá verður fyrir jafnréttisfræðslu og síðan verður lögð áhersla á kynningar og eftirliti með framkvæmd jafnréttisfræðslu.

Tímaáætlun: 2010 – 2013

Kostnaðaráætlun: 100.000 kr.

Ábyrgð: Mennta- og menningarmálaráðuneyti

### **40. Kynung**

Handbók fyrir ungt fólk með upplýsingum um kynferði og jafnrétti verði gefin út árið 2010 og fylgt markvisst eftir með kynningum, meðal annars í tengslum við innleiðingu nýrra námskráa og námsefnisgerð. Upplýsingar verði endurnýjaðar og gefnar út aftur á tímabilinu.

Tímaáætlun: 2010 – 2013

Kostnaðaráætlun: 500.000 kr.

Ábyrgð: Mennta- og menningarmálaráðuneyti

### **41. Jafnréttisfræðsla í leik- og grunnskólum**

Jafnréttisfræðsla hefur farið fram í leik- og grunnskólum á grundvelli verkefnisins Jafnrétti í skólum. Verkefnið var unnið í grunnskóla og leikskóla í fimm sveitarfélögum, samtals í tíu skólum og eru upplýsingar um það á vefnum jafnrettiiskolum.is. Stefnt er að framhaldi verkefnisins til þess að hugmyndir og verkefni sem unnin voru nýtist í fleiri skólum og sveitarfélögum.

Tímaáætlun: 2010 – 2013

Kostnaðaráætlun: 1,1 milljónir kr.

Ábyrgð: Mennta- og menningarmálaráðuneyti

### **42. Áhugamál ungs fólks**

Úttektir, byggðar á gögnum sem til eru úr gagnagrunnum rannsókna meðal ungs fólks í grunn- og framhaldsskólum, verði gerðar til að kanna hvort strákar og stelpur hafi jöfn tækifæri til að stunda það sem áhugi er á og hvort aðstaða til íþróttar- og æskulýðsstarfs sé sniðin jafnt að þörfum beggja kynja.

Tímaáætlun: 2010 – 2013

Kostnaðaráætlun 400.000 kr.

Ábyrgð: Mennta- og menningarmálaráðuneyti

### **43. Jafnrétti í framhaldsskólum**

Áföngum í kynja- og jafnréttisfræðum verði komið inn í framhaldsskóla. Reynslu verði miðlað milli skóla með kynningum, fundum og samstarfi. Árin

2013 og 2014 verði veitt jafnréttisverðlauna til þeirra þátttakenda sem sýnt hafa mestan árangur.

Tímaáætlun: 2010 – 2013

Kostnaðaráætlun: 500.000 kr.

Ábyrgð: Mennta- og menningarmálaráðuneyti

#### **44. Félagslíf í framhaldsskólum**

Hvatt verði til þess að strákar og stelpur taki að jöfnu þátt í félagslífi og öðru starfi í framhaldsskólum. Athugað verði hvort kynjakvóti sé leið að því marki að stelpur taki jafnan þátt og strákar. Birtingamyndir framhaldsskólans í ríkisfjölmíðlum (RÚV) verði skoðaðar sérstaklega.

Tímaáætlun: 2010 – 2013

Kostnaðaráætlun: Rúmast innan fjárheimilda

Ábyrgð: Mennta- og menningarmálaráðuneyti

#### **45. Starfsgreinar**

Með samstilltu átaki starfsgreinaráða, skóla og atvinnufyrirtækja verði opnaður aðgangur „hins kynsins“ að starfsgreinum sem teljast annað hvort kvennagreinar eða karlagreinar samkvæmt hefð. Þannig verði leitast við að mæta kröfum um að nemendur hafi jöfn tækifæri til að velja sér nám og störf óháð kyni.

Tímaáætlun: 2011 – 2013

Kostnaðaráætlun: 200.000 kr.

Ábyrgð: Mennta- og menningarmálaráðuneyti

#### **46. Ástráður - forvarnarstarf læknanema**

Fræðsla um áhrif kláms á sambönd og samskipti ungs fólks verði samþætt fræðslu á vegum Ástráðs, forvarnarstarf læknanema, sem stendur fyrir forvarnarfræðslu um kynheilbrigði í nær öllum framhaldsskólum á landinu, auk grunnskóla og félagsmiðstöðva. Fræðslan snýr í dag að miklu leyti að getnaðarvörnum og kynsjúkdómum en einnig hefur verið lögð áhersla á að ræða við unga fólk um virðingu fyrir líkama sínum, hvað sé eðlilegt kynlíf og hvað ekki. Lýðheilsustöð leggi til fyrirlesara og stoðefni vegna þessarar viðbótarfræðslu á undirbúningsnámskeið, sem haldið er fyrir læknanema sem taka þátt í forvarnarverkefninu.

Tímaáætlun: 2010-2011

Kostnaðaráætlun: 200.000 kr.

Ábyrgð: Heilbrigðisráðuneyti

#### **47. Kennaramenntun**

Inntak kennaramenntunar verði endurskoðað og háskólar hvattir til að innleiða námskeið í kynjafræði fyrir alla nemendur. Starfshópur sem vinnur að endurskoðun kennaramenntunar og reglugerð taki mið af þessum markmiðum.

Tímaáætlun: 2010 – 2013



Kostnaðaráætlun: Rúmast innan fjárveitingar til endurskoðunar kennaramenntunar  
Ábyrgð: Mennta- og menningarmálaráðuneyti

#### **48. Gildismat við veitingu rannsóknastyrkja**

Aðferðir kynjaðrar hagstjórnar verði hafðar að leiðarljósi í samvinnu ráðuneytisins og Rannsóknamiðstöðvar Íslands. Skoðuð verði viðmið um úthlutanir út frá kvenlægum/karlægum gildum og aðferðum í rannsóknum. Kynningar og yfirfærsla á fleiri verkefni.

Tímaáætlun: 2010 – 2013

Kostnaðaráætlun: 200.000 kr.

Ábyrgð: Mennta- og menningarmálaráðuneyti

#### **49. Konur og kvikmyndagerð**

Konur verði hvattar til að sækja um styrki úr kvikmyndasjóði til handritagerðar og framleiðslu kvikmynda, heimildamynda og sjónvarpsþátta. Stefnt verður að því að viðfangsefni með kvenlægum gildum hljóti ekki síður styrki en þau sem hafa karllæg viðmið. Í skólum verði stelpur frá unga aldri hvattar til að skapa og miðla sínu sjónarhorni með kvikmyndasköpun. Stuttmyndagerð stelpna verði átaksverkefni.

Tímaáætlun: 2010 – 2013

Kostnaðaráætlun: Rúmast innan fjárheimilda

Ábyrgð: Mennta- og menningarmálaráðuneyti

### **G. Karlar og jafnrétti**

Á kynskiptum vinnumarkaði njóta karlar hags af kyngerð samfélagsins þegar kemur að launum og áhrifum. Rannsóknir sýna hinsvegar að atvinnuþátttaka beggja kynja er grundvöllur jafnréttis og hagsældar samfélaga. Til að auka jafnrétti þarf því að tryggja möguleika fyrir bæði karla og konur til þátttöku á vinnumarkaði, í uppeldi og fjölskyldulífi. Jafnrétti snýst bæði um karla og konur. Þess vegna er mikilvægt að auka hlut karla í umræðu um jafnréttismál, skoða þátt karla við að breyta staðalímyndum og skoða og skilja áhrif kyngerðar á hlutverk karla, bæði á heimili og í atvinnu.

Árið 1991 skipaði Jóhanna Sigurðardóttir, þáverandi félagsmálaráðherra, nefnd um stöðu karla í breyttu samfélagi með jafnari fjölskylduábyrgð og verkaskiptingu. Seinna skipaði jafnréttisráð „karlanefnd Jafnréttisráðs“ og vakti vinna nefndarinnar jákvæða athygli á jafnréttismálum. Því er lagt til að skipaður verður karlahópur til að leggja á ráðin um hvernig megi auka hlut karla í umræðu um jafnréttismál og stuðla að samstarfi um rannsóknir á sviði karla og jafnréttis.“

#### **50. Karlar um borð**

Skipaður verði starfshópur til að gera tillögur um hvernig auka megi þátttöku karla í umræðum um jafnrétti kynja og vinnu að því markmiði að auka aðild karla að jafnréttisstarfi. Gera þarf greiningu á stöðu karla í samfélaginu og möguleikum þeirra til virkrar þátttöku á nýjum og breyttum forsendum.

Starfshópurinn skal leita samstarfs um verkefni sem stuðla að því að slík greining fari fram. Markmiðið er að fá fram tillögur um m.a. hvernig breikka megi náms- og starfsval karla sem og annað hlutverkaval þeirra, vinna gegn staðalímyndum kynjanna og auka þátttöku í verkefnum fjölskyldunnar. Þá þarf að huga að þeim neikvæðum þáttum sem einkenna svo sem áhættuhegðun, ofbeldi og sjálfsvíg. Starfshópurinn hafi sér til fulltingis stærri ráðgjafahóp karla sem endurspegli breiðan bakgrunn með tillit til aldurs og reynslu.

Tímaáætlun: 2010-2011

Kostnaðaráætlun: 1 milljón kr.

Ábyrgð: Félags- og tryggingamálaráðuneyti

### **51. Forvarnir gegn vændi**

Fræðsluherferð sem beinist að mögulegum kaupendum vændis verði hleypt af stokkunum, meðal annars með áherslu á unga karlmenn til að koma í veg fyrir að þeir gerist kaupendur á kynlífsmarkaði.

Tímaáætlun: 2011

Kostnaðaráætlun: Rúmast innan fjárheimilda

Ábyrgð: Dómsmála- og mannréttindaráðuneyti

## **H. Alþjóðastarf**

Barátta fyrir jafnrétti kynjanna skipar veigamikinn sess í mannréttindastarfi Íslands á alþjóðavettvangi. Þrátt fyrir að ákveðinn árangur hafi náðst á undanförunum árum hvað varðar alþjóðasamþykktir um framgang kvenna og jafnrétti kynjanna eru réttindi kvenna brotin víðs vegar um heim. Aukið jafnrétti er forsenda fyrir betri, öruggari og réttlátari heimi. Þannig er jafnrétti kynjanna ekki aðeins eitt af þúsaldarmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna, heldur einnig forsenda þess að hin markmiðin nái fram að ganga.

Íslensk stjórnvöld eru á alþjóðavettvangi málsvarar bættrar stöðu kvenna og aukins jafnréttis kynjanna. Hafa íslensk stjórnvöld einkum horft til valdeflingar kvenna, t.d. með því að stuðla að aukinni þátttöku kvenna í allri ákvarðanatöku. Einkum hefur verið litið til aðkomu kvenna að friðarviðræðum, uppbyggingarstarfi að átökum loknum og öðrum friðarferlum, sem og að konur séu virkir þátttakendur í ákvarðanatöku á sviði loftslagsmála og viðbrögðum við loftslagsbreytingum.

Breytingar á loftslagi jarðar vegna losunar gróðurhúsalofttegunda af mannavöldum eru ein stærsta vátta sem mannkynið stendur frammi fyrir. Umfangsmiklar alþjóðlegar samningaviðræður fara nú fram í því skyni að herða skuldbindingar um losun og efla aðgerðir til aðlögunar að loftslagsbreytingum. Íslensk stjórnvöld hafa í málflutningi sínum lagt áherslu á jafnréttissjónarmið og virka þátttöku kvenna við ákvarðanatöku og aðgerðir í loftslagsmálum. Umhverfissráðuneytið er í forsvari íslensku samninganefndarinnar, en utanríkisráðuneytið hefur haldið utan um þann málflutning sem snýr að jafnréttismálum.

### **52. Eftirfylgni við aðgerðaáætlun um framkvæmd ályktunar öryggisráðsins nr. 1325 og tengdar ályktanir um konur, frið og öryggi á alþjóðavettvangi**

Efldar verði áherslur og eftirfylgni Íslands hjá alþjóðastofnunum á grundvelli áætlunar Íslands um framkvæmd öryggisráðsályktunar 1325 um konur, frið og öryggi og aðrar ályktanir sem öryggisráðið hefur samþykkt með skírskotun til 1325 (nr. 1820, 1888 og 1889) til að undirstrika mikilvægi kvenna í friðarumleitunum og -uppbyggingu. Áætlunin verður jafnframt endurskoðuð.

Tímaáætlun: 2010-2014.

Kostnaðaráætlun: 2,5 milljónir kr.

Ábyrgð: Utanríkisráðuneyti, alþjóða- og öryggissvið og þróunarsamvinnusvið.

### **53. Verkefni um Jafnréttisskóla**

Stutt verði við uppbyggingu þekkingarsamfélags á Íslandi á sviði jafnréttismála með stuðningi við starf Jafnréttisskóla á vegum Háskóla Íslands. Markmið verkefnisins er að stuðla að jafnrétti kynjanna og valdeflingu kvenna með styttri námskeiðum fyrir sérfræðinga frá þróunarríkjum, átakasvæðum og frá samfélögum þar sem nýlega hefur komist á friður að átökum loknum. Unnið verður markvisst að því að Jafnréttisskólinn verði hluti af tengslaneti SP. Markhópurinn er starfsmenn stjórnsýslu og félagasamtaka sem starfa að jafnréttismálum í ofangreindum ríkjum og svæðum. Utanríkisráðuneytið kostar verkefnið skv. árlegri fjárhagsáætlun og samþykktum fjárlögum.

Tímaáætlun: 2010-2014

Kostnaðaráætlun: Rúmast innan fjárheimilda

Ábyrgð: Háskóli Íslands ber ábyrgð á verkefninu skv. samningi þar að lútandi, í nánú samstarfi við utanríkisráðuneyti.

### **54. Yfirlit og áætlun um þátttöku Íslands í jafnréttisstarfi innan Evrópska efnahagssvæðisins og breytingar sem fælust í aðild að ESB**

Á vettvangi ESB er víða unnið að auknu jafnrétti kynjanna. Mikilvægt er að öðlast heildstæða sýn á þátttöku Íslands í jafnréttisstarfi innan ESB á grundvelli EES-samningsins og greina hugsanlegar breytingar sem aðild Íslands að ESB hefði í för með sér. Unnið verði í samvinnu við Jafnréttisstofu yfirlit yfir þátttöku Íslands í jafnréttisstarfi innan ESB, aðild að áætlunum og stofnunum o.s.frv. Yfirlitið nái til alls formlegs samstarfs í jafnréttismálum á vettvangi ESB, en sérstaklega verði gerð grein fyrir þeim verkefnum sem Ísland hefur rétt á að taka þátt í. Í kjölfar yfirlitsins verði gerð áætlun um markvissa þátttöku í jafnréttisstarfi á vegum ESB.

Tímaáætlun: 2010-2014

Kostnaðaráætlun: Rúmast innan fjárheimilda

Ábyrgð: Utanríkisráðuneyti í samráði við félags- og tryggingamálaráðuneyti.

### **55. Fræðsluáttak fyrir starfsmenn utanríkisþjónustunnar um jafnréttismál og samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða**

Efnt verði til fræðsluátaks um jafnréttismál og samþættingu fyrir starfsmenn utanríkisþjónustunnar, þar á meðal í tengslum við áætlun um ályktanir um konur, frið og öryggi (nr. 1325, 1880, 1888 og 1889) með það að markmiði að auka samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða í starfi utanríkisþjónustunnar. Námskeiðin verði haldin reglulega á tímabilinu 2010-2014 og stefnt að því að

a.m.k. 80% allra starfsmanna utanríkisþjónustunnar, á öllum stigum, hafi setið þau fyrir lok ársins 2014.

Tímaáætlun: 2010-2014.

Kostnaðaráætlun: 830.000 kr.

Ábyrgð: Utanríkisráðuneyti

## **56. Jafnrétti í þróunarsamvinnu**

Unnið verði að bættri stöðu kvenna og auknu jafnrétti í alþjóðasamstarfi með því að samþætta kynja- og jafnréttissjónarmið inn í allt starf á sviði þróunarsamvinnu, hafa kynjaða hagstjórn að leiðarljósi, meta árangur á jafnréttissviði og með mótun heildstæðrar jafnréttisstefnu í þróunarsamvinnu. Mikilvægt er að bæði kynin hafi jöfn tækifæri til áhrifa, þátttöku og ábata af verkefnum Íslands. Þá er áhersla lögð á að jafna stöðu kynjanna meðal íslenskra starfsmanna í þróunarsamvinnu, bæði útsendra og þeirra sem starfa á heimaskrifstofu. Loks verður mótuð heildstæð jafnréttisstefna í þróunarsamvinnu sem tekur mið af endurskoðun á stefnu ÞSSÍ frá 2004. Unnið verður að framgangi ofangreindra markmiða í áætlun um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands skv. lögum nr. 121/2008.

Tímaáætlun: 2010-2014

Kostnaðaráætlun: Rúmast innan fjárlagaliða til þróunarsamvinnu

Ábyrgð: Utanríkisráðuneyti ásamt Þróunarsamvinnustofnun Íslands

## **57. Kyn og loftslag**

Umhverfisráðuneytið og utanríkisráðuneyti haldi áfram kynjasjónarmiðum á lofti í samningaviðræðum um loftslagsmál. Ráðuneytin eigi samstarf um að kynna mikilvægi kynjasjónarmiða hvað varðar loftslagsmálin innanlands, svo sem með málþingum. Rannsóknir á kynjaþætti loftslagsmála verði eflar og áhersla lögð á kynjasjónarmið og loftslagsmál, ekki síst í fræðslu hvað málaflokkinn varðar í alþjóðlegri þróunarsamvinnu Íslands.

Tímaáætlun: 2010-2012

Kostnaðaráætlun: 1,4 milljónir kr.

Ábyrgð: Umhverfisráðuneyti og utanríkisráðuneyti

## **58. Könnun á áhrifum mismunandi hegðunar kynjanna á loftslag á Íslandi**

Gerð verði könnun á þeim þáttum í hegðun kynjanna hér á landi sem ýmist auka eða minnka losun gróðurhúsalofttegunda, svo sem með akstri einkabíla, notkun á almenningsamgöngum, orkunotkun, flokkun sorps, kaupum á umhverfisvænum vörum, kjötneyslu og öðru. Metið verði hversu mikil áhrif hvort kyn um sig hefur og til hvaða aðgerða þurfi að grípa. Markmiðið er að vekja fólk til vitundar um áhrif einstaklinganna á umhverfi sitt.

Tímaáætlun: 2011-2014

Kostnaður: 1 milljón kr.

Ábyrgð: Umhverfisráðuneyti

## I. Eftirfylgni og endurskoðun

Það er mat stjórnvalda að eftirfylgni og sérfræðiaðstoð við framkvæmd verkefna sé mikilvæg forsenda fyrir góðum árangri. Það styrkir mikilvægi þessa lögbundna stjórnækis sem framkvæmdaáætluninni er ætlað að vera og leiðir til þess að hún nýtur meiri virðingar og verður markvissari í alla staði. Samhliða því að starf jafnréttisfulltrúa ráðuneytanna verður eftir er þeim markað verulegt hlutverk við að sinna eftirfylgni með framkvæmdaáætluninni á vettvangi sinna ráðuneyta auk þess sem samstarfi og samráði þeirra á milli er ætlað að vera þeim stuðningur í því hlutverki. Í því sambandi mun sérfræðingur Stjórnarráðsins í jafnrétti kynja, sem staðsettur er innan forsætisráðuneytis, gegna miðlægu hlutverki við að veita faglega ráðgjöf og stuðning, auk Jafnréttisstofu. Jafnframt er gert ráð fyrir að ráðherranefnd um jafnrétti kynja beiti virku aðhaldi við framkvæmd verkefna með því að kalla reglulega eftir upplýsingum um framgang þeirra. Þá eru bundnar vonir við að Jafnréttisþing, sem lögum samkvæmt ber að halda á tveggja ára fresti, veiti stjórnvöldum öflugt aðhald við framkvæmd áætlunarinnar.

### 59. Eftirfylgni

Jafnréttisfulltrúar ráðuneyta hafi með höndum eftirfylgni með framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum á vettvangi sinna ráðuneyta í samstarfi við Jafnréttisstofu og sérfræðing Stjórnarráðsins í jafnrétti kynja. Framvinduskýrsla fylgi árlegri greinargerð jafnréttisfulltrúa til Jafnréttisstofu. Skýrsla um stöðu verkefna samkvæmt framkvæmdaáætluninni verði lögð fyrir ráðherranefnd um jafnrétti kynja og Jafnréttisþing.

Tímaáætlun: 2010-2014

Kostnaðaráætlun: Rúmast innan fjárheimilda

Ábyrgð: Forsætisráðuneyti, öll ráðuneyti

### 60. Árangursmat

Áætlunin verði árangursmetin og eftir atvikum endurskoðuð að tveimur árum liðnum frá samþykkt hennar.

Tímaáætlun: 2012

Kostnaðaráætlun: Rúmast innan fjárheimilda

Ábyrgð: Félags- og tryggingamálaráðuneyti